



VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAHREPPS

25. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn miðvikudaginn 22. apríl 2026 kl. 15:30 í Blæ, fundarsal í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Daði Geir Samúelsson og Kolbrún Haraldsdóttir. Ævar Eyfjörð Sigurðsson boðaði forföll en varamenn hans höfðu ekki tók á því að mæta.

Auk þeirra sátu fundinn þau: Hannibal Kjartansson, veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson, yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri sem ritaði fundargerði í tölvu. Hér var gengið til dagskrár.

1. Yfirlit yfir stöðu framkvæmda - veitustjóri.

Vatnsveita í Hvammi: fyrirspurn hefur borist frá húseigendum í Hvammi þar sem þeir óska eftir tengingu við kaldavatnsveitu Hrunamannahrepps. Veitustjóra falið að ræða við húseigendur um nauðsynlegar breytingar sem gera þarf og þau gjöld sem greiða þarf fyrir tenginguna.

Gatnagerð lóðjúlóð: enn er frost í jörðu en miðað er við að malbikað verði seinnipartinn í maí.

Lokafrágangur í Röðulstanga: lokafrágangur götunnar, gangstétt og kantsteinn, er fyrirhugaður í beinu framhaldi af framkvæmdum lóðjúlóð.

Göngustígur frá Byggð á Bríkum: viðræður hafa átt sér stað við Vegagerðina varðandi tengingu við stígakerfi í Norðurbænum á Flúðum. Veitustjóra falið að halda þeim áfram en mjög mikilvægt er að umrædd göngupverun verði að veruleika.

Skytree b.v.: gögn lögð fram til kynningar varðandi mögulega uppbyggingu á lofthreinsunarstöð sem staðsett yrði á Kópsvatni. Fulltrúar Skytree hafa komið til fundar við sveitarfélagið og beðið er nánari gagna.

2. Yfirlit yfir stöðu framkvæmda – yfirmaður eignasjóðs og umhverfismála

Sundlaugin á Flúðum: undirbúningur fyrir endurnýjun á sundlaugardúknum er í fullum gangi. En laugin verður lokuð milli 10. maí og 12. júní n.k. Nefndin leggur til að keypt verði tjald sem tjaldað verði yfir laugarkerið á verktímanum en slíkt er krafa framkvæmdaaðila og hagkvæmasta lausnin.

Félagsheimilið – anddyri: ákveðið hefur verið að kjörstaður vegna sveitarstjórnarkosninga verði í Félagsheimilinu eins og venjan er en það á ekki að hafa áhrif á heildarframkvæmdatíma verksins.

Hrunamannavegur 3-5, bílastæði: mála þarf bílastæði og merkja stæði fyrir fatlaða við húsin og er verið að kalla eftir tilboðum í verkið. Einnig verður farið yfir aðrar götumerkingar og þær lagfærðar á sama tíma. Nefndin leggur áherslu á að þetta verði gert fyrir afmælishátíðina.

Flúðaskóli, hljóðvist og lóðaframkvæmdir: í sumarfríi skólans verður hljóðvist í Tónastöðum, Kvíadal og matsal endurbætt. Klára þarf þakkant og endurbætur á gluggum. Einnig er undirbúningur hafinn að frágangi á lóð og endurnýjun girðingar í undirbúningi.

Íþróttahúsið, hljóðeinangrun og gluggar: í undirbúningi er að hljóðeinangra milli rýma hjá sjúkrabjálfa. Einnig þarf að endurnýja glugga og skipta út hurð í neyðarútgangi á suðurgafli hússins.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "MH", "BOV", "DAS", and "JK".

Leikskóli, hljóðvist og leiktæki á lóð: í sumarfrí leikskólans verða settar upp hljóðvistarplötur sem eiga að bæta hljóðvist í samræmi við tillögur Lotu verkfræðistofu. Leiktæki verður endurnýjað og lóð lagfærð.

Lækjargarðurinn, leiktæki og göngustígar: Keypt hefur verið leiktæki sem sett verður upp fyrir afmælishátíðina 13. júní. Unnið er að endurnýjun göngustíga sem liggja að Hellisholtalæknum.

Gámasvæði, framkvæmdir: frost er að fara úr jörðu þannig að uppsetning á girðingu mun halda áfram af fullum krafti á næstu vikum. Malbikað verður á svæðinu um leið og aðrar malbiksframkvæmdir munu eiga sér stað í maí.

3. Staða rafmagnsmála í virkjun á Kópsvatni.

Veitustjóri kynnti stöðu sem komin er upp varðandi rafmagnskostnað vegna djúpdælu á Kópsvatni. Einnig kynnti hann stöðu Baseload en fyrirtækið hefur hætt framleiðslu rafmagns á Kópsvatni. Eftir viðræður við RARIK er ljóst að stækka þarf núverandi heimtaug og spennni á svæðinu en kostnaður vegna þessa nemur allt að 2 m.kr. Við þetta gæti rafmagnskostnaður lækkað vegna dælnunnar í framhaldinu og þessi breyting mun því borga sig á tiltölulega skömmum tíma. *Nefndin samþykkir að ráðist verði í verkefnið nú þegar.*

Veitustjóri kynnti einnig kostnað við nýja dælu sem gæti minnkað rafmagnskostnað. Ný dæla kostar um 17 m.kr. *Nefndin felur veitustjóra að reikna ábata af nýrri dælu.*

4. Vatnsveitan „Blákvísl“ – staða máls.

Veitustjóri kynnti að fyrirspurn um matsskyldu væri núna í skipulagsgátt en kynningu lýkur þann 13. maí 2026.

5. Fráveita – grófsía.

Veitustjóri kynnti kostnað við kaup og uppsetningu á grófsíu sem sett yrði framanvið inntak hreinsistöðvar sem staðsett er undir Hofatúni. Kostnaður við kaupin mun nema um 22 m.kr. en kostnaður við uppsetningu liggur ekki fyrir. Á fjárhagsáætlun ársins eru 33 m.kr. til framkvæmda við fráveitu. *Málið rætt og verður unnið áfram.*

6. Viðbygging við Leikskólann Undraland.

Lagt fram tilboð frá Batteríinu arkitektastofu í þarfagreiningu og frumhönnun við byggingar við leikskólann. *Nefndin samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að tilboðið verði samþykkt og málið verði unnið hratt áfram.*

7. Ársreikningur Hrunaljóss 2025 lagður fram til samþykktar.

Nefndin fagnar þeim viðsnúningi sem orðið hefur í rekstri Hrunaljóss en tekjur hafa aukist verulega með tilkomu uppbyggingar og fleiri tenginga. Tap er þó af rekstri sem nemur 1,1 m.kr en tap ársins 2024 var 2,3 m.kr..

Nefndin samþykkir ársreikninginn samhljóða og er hann undirritaður.

8. Ársreikningur Hitaveitu Flúða 2025 lagður fram til samþykktar.

Rekstrartekjur ársins nema 112,2 m.kr. á árinu 2025 og hækkuðu þær um 8,9 m.kr. á milli ára. Hagnaður nam 19,6 m.kr. sem er besta niðurstaða rekstrar hitaveitunnar í áraraðir. Ljóst er að uppbygging og fjölgun eigna í sveitarfélaginu styrkir rekstur hitaveitunnar og skýrir að miklu leyti tekjuaukningu veitunnar. Fjárfestingar ársins námu 43,5 en engin ný langtímalán voru tekin til fjármögnunar á þeim framkvæmdum. Veitan er því vel rekið fyrirtæki og bjart er framundan enda ekkert lát á uppbyggingu sem aftur mun styrkja reksturinn til framtíðar.

Nefndin samþykkir ársreikninginn samhljóða og er hann undirritaður.

WA
JB
GEG
DAS
[Handwritten signatures]

9. Niðurstaða ársreikninga vatnsveitu og fráveitu kynntar.
Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:58

Bjarney Vignisdóttir



Kátrún Haraldsdóttir

Dati Geir Samúelsson

Abdó Hafsteinn

Sammiðal Jónsson

Gunnar K. K. K.